



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 2. júní 2025

MSS25030013

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Þann 6. mars 2025 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í borgarráði eftirfarandi fyrirspurn um kjarasamninga við aðildarfélög Kennarasamband Íslands:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að loks hafi verið undirritaðir kjarasamningar við kennara(aðildarfélög Kennarasambands Íslands). Samningarnir eru gerðir til þriggja ára og hafa í för með sér hækkun launa á tímabilinu um 24,5% sem er verulega umfram kjarasamninga sem gerðir hafa verið við annað launafólk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lýsa áhyggjum af áhrifum kjarasamninga á rekstur borgarsjóðs og óska því upplýsinga um eftirfarandi:

- 1. Með hvaða hætti var áætlað fyrir kjarasamningshækkunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025?*
- 2. Hvaða áhrif munu fyrirliggjandi kjarasamningar hafa á borgarsjóð á samningstímabilinu? Hvaða áhrif hafa samningarnir á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025?*
- 3. Hvaða áhrif mun tilfærsla málaflokks barna og ungmenna með fjölþættan vanda yfir til ríkisins frá og með 1.janúar 2026, hafa á rekstur Reykjavíkurborgar á ársgrundvelli?*
- 4. Með hvaða hætti hyggst meirihluti borgarstjórnar bregðast við þeim umframkostnaði sem samningarnir leiða af sér?*

Fjármála- og áhættustýringarsviði var falið að svara fyrirspurninni.

Svar:

- Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025 var tekið frá fjármagn á sameiginlegum kostnaði 2 ma.kr. vegna nýrra kjarasamninga við Kennarasamband Íslands. Sú upphæð tók mið af væntum hækkunum vegna ársins 2024 og 2025.
- Kjarasamningar við Kennarasamband Íslands eru í takti við forsendur fjárhagsáætlunar fyrir tímabilið 2025 til 2029 að undanskilinni 8% hækkun vegna innborgunar á virðismat sem kom til framkvæmda 1. febrúar 2025. Þannig er gert



Reykjavík



ráð fyrir að kostnaðaráhrif vegna samninganna nemi um 4,1 ma.kr. á árinu 2025. Matið tekur mið af hækkunum sem komu til framkvæmda 1. janúar, 1. febrúar og 1. apríl 2025.

3. Tilfærsla á málaflokki barna og ungmenna með fjölþættan vanda frá sveitarfélögum til ríkis hefur þau áhrif á borgarsjóð að hallarekstur á málaflokknum mun lækka. Samkvæmt bráðabirgðamati er gert ráð fyrir að 1.100 m.kr. muni koma til Reykjavíkurborgar á árinu 2025, en samkomulag ríkis og sveitarfélaga gerir ráð fyrir að ríkið taki yfir ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá 1. júní 2025. Endanlegar fjárhæðir liggja ekki fyrir.
4. Meirihluti borgarstjórnar lagði fram á borgarstjórnarfundi þann 4. mars 2025 aðgerðaráætlun Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna á grundvelli samstarfsýfirlýsingar. Í þeirri aðgerðaráætlun voru lagðar fram 25 tillögur þar sem áhersla er lögð á ráðdeild og skilvirkni í rekstri með skýrara vinnulagi um utanumhald á viðhaldi og rekstri eigna borgarinnar, aukinni skilvirkni í upplýsingamálum, endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna, bættu yfirliti um innkaup og innkaupaheimildir og hugmyndaleit um sparnaðartillögur. Horft verður m.a. til þessara aðgerða ásamt því að þjónustu verður forgangsraðað. Þá verður nýtt svigrúm í miðlægum varasjóði og tekjuspá endurmetin til hækkunar m.a. vegna aukins útsvars í kjölfar launahækkana kennara og endurskoðaðrar áætlunar um framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsvið



Reykjavík